

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur.

Ef komið er á hinn rétta sjónarhól, verður augljóst, að lifið
á öðrum jarðstjörnum alheimsins þarf ekki að vera oss ókunn-
ugt.

Helgi Pjeturss.

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

Vetrarbraut í Coma Berenices

SJÁ FORSÍÐUMYND

Útlit vetrarbrauta er ákaflega mismunandi frá okkar jörð að sjá, og kemur það meðal annars til af því að þær snúa við okkur á ýmsa vegu, t.d. snúa sumar við okkur hlið en aðrar brún. Hin raunverulega lögun þeirra er einnig mjög misjöfn. Hafa sumar reglubundna lögun, en aðrar óreglulega.

Hér á myndinni sjáum við vetrarbraut í stjörnumerkini Coma Berenices og snýr brún hennar beint að okkur. Á myndinni sést dökk rák eftir brún hennar endilangri. Talið er að þar sé um að ræða gas- og rykský, en það eru einmitt einkenni margra vetrarbrauta, sem snúa í átt til okkar. Talið er að geimryk flestra vetrarbrauta sé að minnsta kosti álika mikið að efni magni, eins og efnið í öllum stjörnum þeirra. Þarna er því til staðar efni til sköpunar og viðhalds sólnanna í hverri vetrarbraut. Í þessari vetrarbraut eru þúsundir milljóna sólna, sem ganga umhverfis þungamiðju hennar. Við getum verið bess fullvissir, að í þessu mikla stjörnuhveli sé mikill fjöldi byggðra hnatta og að þar séu óteljandi mannkyn á mismunandi þroskastigi og sem hafa sambond sín á milli og einnig við ýms mannkyn í öðrum vetrarbrautum.

Ingvar Agnarsson

Erindi

Framtíð mannkyns og hugsanlegar lausnir

Hér verður fjallað lauslega um helstu horfur varðandi framtíðarmöguleika mannsins á þessum hnetti. Æð vísu snertir efni þetta ekki liffræðina eina, heldur er og hagfræðilegt, pólitískt og heimspekilegt vandamál og verða því alls ekki allar hliðar þessa efnis ræddar hér.

Mönnum hefur orðið nokkuð tíðrætt um þetta mál undanfarin ár, enda ekki furða, þar eð iskyggilegar blikur eru nú á lofti, sem ekki gefa mjög góða von um farsæla framtíð mannskepnunnar.

Ein er sú grein liffræðinnar, sem sérstaklega fjallar um fyrrnefnt vandamál — það er vistfræðin, en hún fjallar m. a. um stöðu mannsins í náttúrunni og tengsl mannsins við hina ýmsu þætti hennar. Pessi fræðigrein hefur ekki reynst sá töfrasproti, sem margir vonuðu í upphafi, og hefur ýmislegt orðið til að draga úr árangrinum af iðkun þessarar greinar.

Má þar til nefna, að vistfræðin er tiltölulega nýtilkomin sem sjálfstæð fræðigrein og beinist starf vistfræðinga enn að verulegu leyti að söfnun upplýsinga um hina ýmsu þætti hinnar lífrænu og lífvana náttúru og er úrvinnsla þessara gagna enn í mörgum tilvikum á frumstigi. Einnig rekst vistfræðin stundum á við ýmis pólitisk vandamál og geta iðkendur hennar átt það á hættu að vera stimplaðir sem útsendarar eins eða annars stórveldis, ef þeir gæta ekki að sér. Ýmis heimspekileg og síðferðileg vandamál koma líka inn í spilið, og verður þetta allt til að draga úr möguleikum vistfræðinnar á að koma fram með raunhæfar lausnir, sem von er um, að farið verði eftir.

En athugum nú lauslega hið núverandi ástand í herbúðum manna.

1. FÆÐA

Fæða er hvergi nærrí nóg fyrir jarðarbúa nú. Talið er, að um 20% mannkyns fái næga næringu, um 60% séu vannærð

og um 20% svelti beinlinis. Fram til þessa hefur ekki tekist að auka matvælaframleiðslu á mann meðal hinna fátækari þjóða.

Ástandið er því ekki mjög glæsilegt, hvað fæðuna varðar, og vissulega eru takmörk fyrir því, hversu mikið er hægt að auka framleiðslugetu jarðar. Helsta aðferðin til að ná fram slíkri framleiðsluaukningu er **aukin ræktun** — annars vegar að leggja aukin svæði til ræktunar (á móti kemur uppblástur lands viða og hættan á súrefnisskorti, verði gengið of á skóganá til að auka akurlendið) — og hins vegar að ná meiri framleiðslu út úr ákveðinni stærð akurlendis en áður. Í þessu skyni er reynt að finna ýmis plöntuafbrigði, sem gefa meira af sér en hinar gömlu (yfirleitt eru plöntuafbrigði þessi fremur viðkvæm), notkun áburðar og skordýraeiturs, sem bæði er kostnaðarsöm og oft haettuleg aðferð, auk þess sem árangur er oft takmarkaður.

En hvað með hafið? kynnum við Íslendingar að spryrja. Pótt okkur kunni að virðast það undarlegt, fá jarðar eins og sakir standa ekki nema 5—10% fæðu sinnar úr hafinu — tvöföldun fengins fæðumagns úr sjó er áætlað að taki um hálfu öld, en þá verður mannfjöldinn orðinn meira en tvöfaldur miðað við það, sem nú er.

2. MANNFJÖLGUNIN

Eina raunhæfa leiðin til að mannkyn hafi næga fæðu í framtíðinni er, að draga úr hinni geypihröðu fjölgun mannkyns.

Nú samanstendur mannkynið af um 3.500.000.000 einstaklingum og er áætlað, að mannfjöldinn tvöfalist á næstu 35 árum, miðað við núverandi fjöldaaukningu. Bjartsýnustu fræðimenn telja, að jörðin **gæti** fætt um 30.000.000.000 manna, væru allir möguleikar nýttir, en því marki verður með sama áframhaldi náð um 2075.

Helstu lausnir sem til greina koma varðandi mannfjölgunina, eru getnaðarvarnir af ýmsu tagi (hafa ekki skilað mjög góðum árangri — undirstöðufræðslu vantar) og einkum barneigna — þ.e., að hvetja fólk til að fresta barneignum fram til t.d. 30 ára aldurs. Varla er hægt að gera sér vonir um mikinn árangur af slíkum tilmælum.

Þá hefur mönnum flogið í hug að flytja fólk út til annarra hnatta, en slíkir mannflutningar myndu reynast óframkvæmanlegir með þekktum aðferðum, a.m.k. (plánetur okkar sól-

kerfis fylltust á næstu 200 árum, væru þær á annað borð byggi-legar og næsta sólkerfi við okkur er í rúmlega 4. ljósára fjar-lægð).

3. NÁTTÚRUAUÐLINDIRNAR

Mannkynið stendur frammi fyrir orkukreppu. Kol og vatns-orka duga hvergi nærri til að fullnægja þörfum okkar nú eða í framtíðinni og ekki getum við látið vélar okkar ganga fyrir oliu og bensini til langframa — þeir orkugjafar verða uppurnir fljótlega uppúr næstu aldamótum með sama áframhaldi. Þá verður vinnsla oliunnar æ dýrari eftir því, sem á olíulindirnar gengur.

Menn eru í síauknum mæli farnir að nota kjarnorku sem orkugjafa, en varla er hægt að líta á hana sem framtíðarlausn, þegar geislavirk úrgangsefni frá þessari vinnslu hlaðast upp og eru að verða óleysanlegt vandamál.

Pörf er nýs orkugjafa — spurningin er, hvort hann verður fundinn og gerður nothæfur í tíma.

Þá eru það málmarnir. Sumir mikilvægir málmar eru nú svo að segja uppurnir, svo sem kopar, kvikasilfur o. fl.

4. MENGUN

Mengun er einn þeirra þátta, sem nú eru farnir að ógna til-veru okkar, sem sköpum hana, ekki síður en öðru lífi hér á jörðu. Skal hér aðeins minnst á nokkur helstu eiturefni, sem við dælum án afláts út í umhverfi okkar.

1. Skordýraeitrið DDT — tilbúið efni, sem eyðist ekki í náttúrunni, heldur hleðst upp — sérstaklega safnast DDT fyrir í vefjum kjötætna.

Ýmsir ránfuglar hafa t.d. orðið ófrjóir eða jafnvel dreplist af völdum þessa eiturefnis. Sem kjötæta losnar maðurinn heidur ekki undan eiturefni þessu. T.d. hefur mælst 3,—4. sinnum meira magn af DDT í vefjum manna en vera má í neyslukjöti.

2. CO₂ — verkar hitaeinangrandi í lofthjúp jarðar — útrýming skóga eykur enn áhrifin, minna CO₂ nýtt.
3. Ýmsar sýrur (tæra steina og málma), blýsambönd ýmis gerviefni, sem ekki eyðast o. fl.

Að lokum mætti nefna ýmsar óheppilegar breytingar á mannskepnunni sjálfri, sem menn sjálfir valda — t.d. af völdum:

1. **Sýklalyfja** — hafa sýklalyf að vísu orðið til góðs fram til þessa og verður að nota þau, á meðan þau eru til gagns, en notkun sýklalyfja hefur orðið til þess, að náttúrulegt viðnám manna gegn sýklum minnkar smám saman, einnig reynist æ erfiðara að halda í horfinu og finna sýklalyf, sem duga gegn nýjum ónæmum afbrigðum.

2. **Stökkbreyting** — breytingar á erfðaefnum — vegna geislavirkni, sem eykst í sífellu — fyrst og fremst vegna hinnar ýmis konar notkunar á kjarnorku.

Svona er þá ástandið í grófum dráttum .En hvað getur orðið til bjargar? Ýmsar uppástungur um lausnir eru til, en allar slikein lausnir (þótt góðar séu á sinn hátt) virðast stranda á manninum sjálfum. Til að hægt væri að beita hinum ýmsu lausnum með árangri, þyrfti sterka alheimsstjórn, sem samhæft gæti og stjórnað aðgerðum á gjörvöllum hnnettum.

Einnig þyrfti sérhver einstaklingur að taka að sínu leyti þátt í aðgerðunum — s.s. með orkusparnaði og takmörkun barn-eigna.

Lausn þessara mála er því ekki einvörðungu á valdi vísindanna, heldur fremur siðferðislegs eðlis, þegar öllu er á botninn hvolft.

Sem sagt það, sem þarf, til að hægt sé að **beita** einhverri lausn og bjarga mannkyni frá aðsteðjandi hættu, virðist vera hvorki meira né minna en hugarfarsbreyting — BREYTT LÍFERNISSTEFNA.

Og hverjir eru möguleikarnir á slíkri breytingu? Ýmsar heimspekilegar og pólitískar stefnur eru til, sem ætla mætti að gætu komið af stað slíkri hugarfarsbreytingu, ef reynt væri að lifa eftir þeim. En tíminn er naumur og erfitt að sjá, hvernig hægt væri að koma á fyrrnefndri hugarfarsbreytingu á þeim stutta tíma, sem virðist til stefnu, áður en allt fer í hönk hér í mannhéimi.

Varðandi lausn á þessum vandamálum verður manni ósjálf-rátt hugsað til stjarnanna, íbúa þeirra og lífsambandsins í alheimi, sem dr. Helgi Pjeturss talar um í ritum sínum. Trúlegast mun vera, að eina von mannkyns um hamingjusamlega framtíð sé samband jarðarbúa við lengra komna íbúa annarra hnatta, sem eru okkur svo miklu fremri, hvað varðar góðleik

og lifsorku. Sé þetta rétt, hefur síst verið of mikið gert úr mikilvægi þess, að kenningar dr. Helga Pjeturss nái sem fyrst fram að ganga hér á jörðu. Á því gæti hamingja og tilvera jarðarbúa oltið.

Ólafur Halldórsson, liffræðingur
(*Erindi flutt á fundi í Norræna húsinu*
22. nóvember 1974).

Samband við íbúa annara stjarna

I.

Efnisheimur

Stjörnufræðin og stjarneðlisfræðin kennir okkur, að alheimurinn og allar stjörnur hans sé allsstaðar úr sömu eftum gerður, alls staðar, hvort sem litið er til nálægra sólna innan okkar eigin vetrarbrautar eða til hinna fjarlægustu vetrarbrauta, er mönnum hefur tekist að sjá og rannsaka með tækjum sínum, í þúsunda milljóna ljósára fjarlægð. Alheimurinn er ein heild að því leyti, að alls staðar eru stjörnur hans byggðar upp af hinum sömu eftum, þeim hinum sömu, sem við þekkjum hér á okkar jörð. Efnislegur heimur, er það, sem hér um ræðir. Geislan frá eftum stjarnanna segir til um það, af hvaða eftum þær eru gerðar.

Hví skyldi þá ekki einnig lifið í þessum mikla heimi vera efnislegt? Einstaklingar lifsins vera byggðir upp af hinum sömu eftum, hvar sem er í alheimi, rétt eins og gerist hér á okkar jörð?

Pótt vitað sé með vissu að allur heimur sé af sama efni gerður eru þó margir þeirrar skoðunar, að annað gildi um lifið í þessum heimi. Þeir setja lifið ekki í samband við efnisheiminn eða stjörnur alheimsins. Þeir vilja slíta lifið úr tengslum við hinum þekkta heim og skipa því stað utan hans. En er nokkur ástæða til sliks aðskilnaðar?

Við þekkjum öll nafn dr. Helga Pjeturss. Við vitum að hann gerði brautryðjandi uppgötvunar á svíði íslenskrar jarðfræði um og upp úr síðustu aldamótum, en sneri sér svo að rannsóknunum á eðli svefns og drauma og öðrum þáttum liffræðinn-

ar, sem lítt höfðu verið rannsakaðir og enginn náttúrufræði-legur skilningur hafði þá enn fengist á. Stjörnuliffræði var það, sem hann tók sér fyrir hendur að rannsaka. Hann komst að þeirri niðurstöðu, eftir vandlegar rannsóknir, að lifað er á stjörnum alheimsins, og að þaðan berast okkur boð um það, hvernig því lifi er háttáð.

Skal nú reynt að drepa á nokkur atriði, sem eru niðurstöður af þessum athugunum hans:

Eins og lifið hér á jörðu hefur á milljónum ára þróast upp úr einfrumungi til manns, svo hefur það og þróast á milljónum annað frumlífshnatta á hliðstæðan hátt. Kvíknun lifs á hverjum frumlífshnetti verður ávallt fyrir lifsamband við lengra þróað líf á öðrum hnöttum. Aðsend orkugeislun breytir hinu liflausa efni í lif, og þróun lifsins hefst og heldur áfram á þeim hnnetti fyrir stöðugt aðstreymi liforku, og því lengra fram sem liftegundirnar þróast, þeim mun fullkomnari tegundum liforku geta þær veitt viðtöku.

Lif er ekki hugsanlegt, nema í tengslum við efni, og ekkert efni er til nema í hinum sýnilega og rannsakanlega heimi stjarnanna. Stjörnur alheimsins eru því hið eina hugsanlega heimkynni lifsins.

Á okkar jörð hefur lifið þróast frá einfrumungi til manns. Löng hefur þessi þróunarleið verið og torsótt, og ekki hefur verið þar um eindregna framför að ræða. Ýms víxlspor hafa verið stigin á þessari þróunarbraut, og margar liftegundir hafa liðið undir lok á liðnum jarðoldum. Og þróun lifsins hefur ekki eingöngu verið háð duttlungafullum tilviljunum. Í allri þróunarsögunni hefur verið að verki æðri viðleitni til að þróa tegundirnar fram til meiri fegurðar og meira vits, uns því stigi er náð, sem nú ríkir hér á jörð. Mannkyn er það hámark, sem enn hefur náðst á jörð okkar, en á mörgum hnöttum í alheimi mun lifið hafa þróast langt fram yfir mannsstig.

II.

Lifið á stjörnum og lifsambönd

Allar liftegundir jarðarinnar eru undir áhrifum aðsendar orku frá lifheimum annarra stjarna og er mannkynið þar ekki undanskilið. Jörð okkar er frumlífshnöttur. Lif hvers einstaklings á hér upphaf sitt. Enginn einstaklingur sem hér lifir á neina fortilveru. En lifið heldur áfram. Framlífshnettir eru

óendenlega margir í óendenlegum geimi. Þar eru okkar framtíðarheimkynni, því allir flytjumst við héðan er við deyjum.

A framlífshnöttum er samstilling miklu meiri en á okkar jörð. Þar eru því skilyrði til að koma fram og lifa áfram. Við andlátíð flyst hver maður til aflsaðis sem honum er skylt á öðrum hnetti. Liferni manns hefur áhrif á framlif hans. Í framlifi safnast saman þeir menn sem skyldir eru að innræti. Illmenni lenda með illmennum þar sem hver vill gera öðrum illt, og göfugmenni með göfugmennum þar sem allt stefnir til betri áttar. Alheimsnáttúrulögumál eru hér að verki (en ekki aðeins duttlungafullur vilji einhverra máttarvalda, illra eða góðra).

Í alheimi ríkja tvær stefnur verðandinnar: hin góða stefna, lífstefnan sem miðar til sifellt meiri þroska og farseldar, og hin illa stefna, helstefnan, sem leiðir til sifellt meiri þjáninga og hörmunga. Framlífsheimkynni manna fara því mjög eftir breytni hvers og eins í lífi þeirra hér.

Helstefnuáhrif berst hingað stöðugt frá vítum annarra hnatta, og spilla hugarfari þeirra, sem þau ná til. Og á hinn veginn berast hingað lífstefnuáhrif frá mannkynjum annarra hnatta þar sem guðlegri fullkomnun hefur verið náð. — Vitandi vits, munu hinar góðu og illu verur beina áhrifum sínum hingað til okkar jarðarbúa (og til annara frumlifsjarða, sem eins er ástatt um). Við erum sá „Miðgarður“ sem baráttu þeirra snýst um, og veltur á miklu fyrir framtíð okkar, hvorri stefnunni við viljum fylgja. Mjög horfir illa á jörðu okkar eins og allir vita. Geysa hér styrjaldir viða, uppskerubrestur, hungursneyð og ískyggileg mengun. Allt eru þetta helstefnueinkenni, sem breyta mætti, ef tekin væru upp nánari sambond við lengra komna vini okkar á öðrum hnöttum.

III.

Lifið á öðrum hnöttum

Draumar

Með uppgötvun dr. Helga Pjeturss á lífsambandinu á alheimi opnast leið til að kynnast lifinu á öðrum stjörnum. Hann segir á einum stað í ritum sínum „Ef komið er á hinn rétta sjónarhól, verður augljóst, að lifið á öðrum jarðstjörnum alheimsins þarf ekki að vera oss ókunnugt.“ (Viðnyall, bls. 64).

En hvernig fór Helgi Pjeturss að vita, að líf er á stjörnum og hvernig því lifi er háttar? Hann segir: „Aukin þekking á eðli

sjálfra vor, gerir það mögulegt að láta liffræðina ná til stjarnanna“. Og enn segir hann: „Með uppgötvuninni á eðli draumlífsins er lífgeislan milli stjarnanna í himingeimnum orðin vísindaleg staðreynd.“ (Pónýall, 1947, bls. 209).

Hann komst að þeiri niðurstöðu, að draumur eins er ævinlega vökulif annars. Hinn vakandi mann, sem draumurinn stafar frá, kollar hann draumgjafa, en þann sem dreymir, kollar hann draumþega. Draumgjafinn getur stundum átt heima á okkar jörð, og eru til ýms dæmi því til sönnunar, en oftast er hann íbúi annrarar jarðstjörnu og þá í einhverju öðru sólhverfi. Eru ýmsir draumar, sem benda til þess eindregið, að þannig sé þessu farið. Okkur dreymir stundum, að við sjáum dýr, menn, hús og farartæki, þannig útlits, að ekki getur verið um að ræða sýnir héðan af okkar jörð. Og okkur dreymir ókunnan stjörnuhimin og stjörnumerki svo framandi, að alls ekki getur verið um að ræða sýn til stjarna af okkar jörð. Þar sem telja má fullvist, að aðeins sé einn heimur, efnisheimur, og að sambond eigi sér stað milli hinna ýmsu íbúa þessa efnisheims, þá er alveg víst að þessar draumsýnir berast okkur frá fjarlægum íbúum annara jarðstjarna.

Furðulegt er til þess að vita, að í draumi getum við kynnst að nokkru því lifi, sem lifað er á öðrum stjörnum, og mundi þó verða mun betur, ef betur hagaði hér til, um móttöku slikrar vitneskju.

Með því að vita af þessum stórkostlegu fjarsamböndum, og þeim möguleikum, sem draumlífið skapar, gefst okkur tæki-færi til að kynnast lifinu á öðrum stjörnum.

Hingað til hafa flestir haldið að í draumi komi fram eigið líf og eigin hugsanir. En með nánari athugun eigin drauma, geta allir sannfærst um að svo er ekki. Í draumi eigum við t. d. aðrar minningar en eigin minningar úr vökulífi okkar. Ýmsa hefur dreymt, að þeir sjái andlit sitt í spegli. Og við upprifjun draumsins, eftir að vaknað er, kemur ævinlega í ljós, að ekki hafa þeir séð sitt eigið andlit, heldur annað andlit, þeim ókunnugt. Og ef samamann dreymir oft að hann líti í spegil, verður hann þess var að nær aldrei er um sama útlit að ræða og í fyrrí draumum. Þetta geta allir sannfærst um, sem dreymir slika drauma. „Það er ekki draumur fyrr en samband er við annars meðvitund.“ (Nýall, 1922, bls. 305), segir Helgi Pjeturss. Allir ættu að athuga drauma sína með þetta sjónarmið í huga.

Sýnir ófreskra manna

Margir eru og þeir er sjá sýnir í vakandi ástandi. Margar af þessum sýnum eru frá öðrum hnöttum, fjarsýnir, og er sýngjafinn ibúi einhvers annars hnattar. Hinn ófreski maður hér, sér með augum annars manns. En þar sem sjáandinn er í vökuástandi, jafnframt sambandsástandi sínu, sér hann samtímis hið raunverulega umhverfi sitt. Sagnir um álfa og huldufólk mun vera þannig tilkomið. Er þar um að ræða sambandsþjóð okkar á öðrum hnetti. Og mun það vera algjör misskilningur, að þetta fólk eigi heima í klettum og hólum á okkar jörð, eins og haldið hefur verið.

Miðilsambond

Miðilsástand er skylt vanalegum svefni. Fjarlægur ibúi annars hnattar talar fyrir miðilsmunn. Oft segir hann frá heimkynnum sínum í hinum fjarlæga stað. Hann lýsir hnetti sínum, klettum, fjöllum, blómum, dýrum og ýmsu fleiru. Á miðilsfundum Nýalssinna, er mikið um slíkar lýsingar. Peir taka fram að þeir eigi heima á öðrum hnöttum. Skal hér tekið eitt dæmi um tal fyrir miðilsmunn á sambandsfundi hjá Nýalsinnum 13. okt. 1974.

„Tilraun ætla ég að gera, til að mæla nokkur orð frá fjarlægum framlifshnetti í ykkar vetrarbraut. Mér þykir ástæða til að minnast á ýmislegt, sem fyrir augu og eyru ber hér og vil þá í fáum orðum reyna að segja frá landslagi hérna í næsta nágrenni. Ég er að horfa á fjöll, ekki mjög há, en þau eru brött og klettar miklir efst og í klettum þessum eru ýms jarðlög, hvert ofan á öðru. Úr þessum fjöllum hefur hrunið. En hér nær er viðáttumikið slétlendi mjög gróðursælt. Hér í nánd við mig er mjög stórvaxinn skógur.

Ég fæst við ræktun m.a. á ýmsum jurtum og trjátegundum. Skógar eru hér bæði til gagns og ánægju. Timbrið er notað til húsabygginga. Trjátegundir eru svipaðar og hjá ykkur, t.d. birki og fura. Engin snikjudýr eru hér. Hér ríkir samræmi í náttúrunni. Ekkert spillilif. Hér er um ótal störf að ræða, eins og hjá ykkur á jörðinni. Öllum gefst tækifæri til að starfa. Menn eru misjafnlega hneigðir fyrir líkamleg störf, en flestir vilja eitthvað starfa, hver eftir sínum áhuga. En vinnugleðin er hér miklu meiri en hjá ykkur á jörðinni.“

Pannig sagðist þessum sambandsvini okkar.

Í bókum spíritista, með frásögnum miðla af „andaheiminum“ er og mikið um slíkar lýsingar, sem auðsjáanlega segja frá efnislegum hlutum í efnisheimi, og eru því komnar frá íbúum annara hnatta í öðrum sólhverfum.

Flestir sem koma fram á miðilsfundum Nýalssinna, segjast vera framliðnir héðan af jörð. Einnig koma þó fram menn, sem segjast vera komnir fram yfir mannsstigið, vera máttugri, fegurri og vitrari en við jarðarbúar.

Oft er sagt frá samkomum í stjörnusambandsstöðvum á öðrum hnöttum. Sagt er að þetta séu fegurstu og stórkostlegustu byggingar á hverjum hnetti, þar sem rétt stefnir. Eru þær ætlaðar til sambanda við lengra komna vini á enn öðrum stjörnum. Oft er sagt frá að skínandi bjartar verur komi hamförum í slíkar stöðvar, og njóti allir viðstaddir mikillar magnanar af komu þeirra. Ég færi hér eitt dæmi af slikri frásögn. Það er Skáld-Rósa sem talar (27. ágúst 1973):

„Heimsóknir fáum við oft frá öðrum hnöttum. Nú standur þannig á, að hér í stöðinni er að koma fram hópur af gyðjum. Þær eru frá fjarlægri vetrarbraut. Þær eru svo bjartar að hvelfing stöðvarinnar verður uppljómuð. Og það sem ykkur mun þykja merkilegast: Við öll, sem hér erum viðstödd í stöðinni, einnig við verðum ljómandi, miklu bjartari yfirlitum en áður. Þessum dýrðlegu verum fylgir hljómur mikill og unaðslegur, sem gagntekur alla viðstadda. Og þeim fylgir friður og ástúð, meiri en ég fæ skýrt fyrir ykkur. Jafnframt því sem við mögnumst mjög af nærveru þessara gyðja, reyna þær að senda ykkur aukna lífmagnan og þrótt, sem hinir næmustu ykkar munu e.t.v. finna fyrir.“

Þetta mælti Skáld-Rósa á miðilsfundi.

Ferðalög milli stjarna munu vera mjög stunduð af hinum lengra komnu, og mun þetta gerast fyrir hamfarir, líkt og þegar líkamningar koma hér fram á miðilsfundum, en þó á miklu fullkomnari hátt, eins og kemur fram í frásogninni hér á undan.

Bætt lífsambönd

Frá upphafi vega, hafa jarðarbúar notið lífsambanda við lengra komna íbúa annara hnatta, og notið þaðan magnanar og lífsyllingar. En við höfum ekki vitað af þessu sambandi, eða hvaðan við fáum þessa liforku, sem við verðum einkum

aðnjótandi í svefni. Frá háþróuðum, guðlegum verum annara hnatta og annara vetrarbrauta mun þessi lígefandi orka berast okkur. En við erum lélegir móttakendur, og veldur þar mestu hve illa við jarðarbúar erum samstilltir og óvitandi um hið mikla samband lífsins í alheimi.

Ríður hið mesta á, að hér geti orðið breyting á, og tekið verði upp nánara samband við lengra komna vini okkar á öðrum stjörnum, svo snúið yrði frá óheillamarki því, sem svo mjög er nú stefnt til og komist yrði á leið sannra framfara þar sem góðvild og vit mættu ráða ferðinni.

Ingvar Agnarsson

(*Erindi flutt á fundi í Norræna húsinu*

22. nóvember 1974).

Furðuleg fyrirbæri og og einfaldar skýringar

Ég hef tekist á hendur að segja hér nokkur orð um furðuleg fyrirbæri og einfaldar skýringar á þeim.

Hvað eru furðuleg fyrirbæri. Einu sinni töldust t.d. halastjörnur til hinna furðulegustu fyrirbaera. Menn óttuðust þær og töldu þær fyrirboða. En nú orðið skelfist enginn halastjörnurnar, jafnvel þó að þær kunni að hegða sér eithvað einkennilega stundum, og öðru vísi en reiknimeistarar hafa þótst sjá fyrir. Hin einfalda skýring á göngu halastjarna er sú, að þær hreyfast eftir lögmáli Newtons, og um leið og sú skýring var gefin, hættu menn að vera hjátrúarfullir gagnvart halastjörnum, alveg eins og menn hættu að vera það gagnvart sólmyrkum af sömu ástæðu.

En alkunnugt er, hve óttafullir menn voru gagnvart sólmyrkum áður fyrr, og voru jafnvel dæmi þess hér á landi, að fólk stökk heim frá engjaslætti og klæddi sig í sparifötin til þess að vera viðbúið heimsendi, sem það hélt að þess fyrirburður boðaði. Frá þessu sagði mér hún afasystir míni, sem fædd var árið 1858, en henni hafði sagt fólk sem lifði þennan athurð, sem mun hafa gerst árið 1838. Er þetta dálitið fróð-

legt dæmi um það, hve vel fólk mundi ýmsa atburði áður fyrr, auk þess sem það ber vitni þeim hindurvitnum, sem þá voru ekki með öllu úr sögunni.

En hvað eru þá furðuleg fyrirbæri í augum manna nú á dögum?

Ég ætla ekki að flokka það neitt fyrirfram, heldur að byrja á því að koma með dæmi. Það er nú til dæmis þetta, sem hún Tamara Tsvetikov sýndi mér úti í Kaliforniu í vor sem leið, að hún tók upp plöntu, sem var að mestu leyti rætur, og hafði hún þvegið ræturnar og þurrkað þær. Ég kann nú ekki að nefna þessa plöntu, en þau hjónin kunna skil á því, og það er áreið-anlegt að plantan er til, því að ég sá hana með eigin augum. Svo hafði frú Tamara rifið niður léttan pappír í smáagnir, ca. 2—4 mm í þvermál, og svo bar hún ræturnar að þessum pappírsögnum, og þá gerðist undrið. Pappírsagnirnar drögust að rót-aroddunum, og þó að plöntunni með rótunum væri lyft, fylgdu agnirnar með. Við skoðuðum ræturnar í smásjá á eftir og sáum að þær voru sléttar án hára eða króka, sem agnirnar hefðu getað festst í, enda var líka svo að sjá, að agnirnar rykktust að rótunum. Það er enginn vafi á því, að þetta var aðráttur. Ég sá þetta með eigin augum hvað eftir annað. Þetta var lífsorkuaðráttur eða lífsegull eins og Þorsteinn Jónsson hefur komist að orði. Var þetta furðulegt fyrirbæri? Það var ekki furðulegt að öðru leyti en því, að það er í nánasta samræmi við þessi lögmál liforkunnar, sem dr. Helgi Pjeturss hefur fundið. Um leið og þekking er fengin á þeirri orku og raunveruleik hennar er ekkert dularfullt lengur við þennan aðráttar-kraft rótarinnar fremur en t.d. halastjörnu eða sólmyrkva. Þetta er lifgeislunin, þessi sama sem ljósmynduð hefur verið, og enginn mun framar neita tilveru hennar, eins og því miður hefur verið gert á umliðnum áratugum.

Úr því að við höfum nú fengið vísindalega staðfestingu á liforkuverkunum plönturótar, þá aetti okkur að vera óhætt að færa okkur nær sjálfum okkur og vita hvort við finnum ekki þennan kraft einnig í sambandi við mannslikamann. Það eru ekki nema nokkrir dagar síðan ungar maður sagði mér frá því, að hann og nokkrir aðrir unglingsar fóru saman í tilraun með glasi og stafrófi, og fór þá glasið að hreyfast, einnig án þess að nokkur kæmi við það. Þau færðu fingurna aðeins frá glasinu og það hreyfðist samt. Ég á ekkert erfitt með að trúa

þessu, því að á bænum þar sem ég ólst upp, höfðu að vísu fyrir minn tíma gerst fyrirbæri, sem voru jafnvel mun kröftugri en þetta sem nú var greint. Stórt og þungt borð, sem enn er til, hófst á loft fyrir augum viðstaddir, án þess að stutt væri undir það. Svo sagði fólkvið og það er engin ástæða til að rengja það. Best gæti ég trúáð, að meðal þeirra sem þetta kemur fyrir augu, séu margir, sem standa nærri einhverri vitneskju um greinileg hreyfingafyrirbæri, eldri eða yngri. — Það hafa vist ailir heyrt talað um hann Úri Geller, hreyfingafyrirbæraman frá Ísrael, sem létt borðbúnað og hvers kyns áhöld bogna og brotna fyrir krafti augna sinna og hugsunar, um tíma. Það er að vísu verið að segja það núna, að hann sé búinn að taka þetta allt aftur, og segist nú hafa falsað þetta allt saman. En hvort þykir mönnum nú liklegra, — að öll þessi fyrirbæri hans hafi verið ósönn og að allar helstu sjónvarpsslöðvar og visindastofnanir, sem rannsökuðu þennan miðil, hafi látið blekkjast og hafa sig að leiksoppi — eða þá hitt, að einhverjar leyniþjónustur eða leynisamtök hafi nú nýlega kúgað Geller til rangs framburðar frá réttum. Ég þarf varla að taka það fram, að mér finnst síðari kosturinn liklegrí, enda þurfti ég ekki á Úri Geller eða fréttum af honum að halda til þess að vita að slik fyrirbæri gerast. Ég þekki þennan kraft, sem þarna kemur til greina, því að hann er liftsambandið, sem hefur opnað mér sýnir til annarra stjarna, og hann er svefninn, sem ég hleðst af á hverri nóttu, en með svefninum berst mér efni draumanna. En draumarnir sýna það og sanna, að þeir rru sprottnir af meðvitundarástandi annars manns, og þessi annar er venjulega íbúi einhvers fjarlægs hnattar í himingeimnum. Þetta er hin einfalda skýring á eðli þessa kraftar, sem lætur áhöld bogna og brotna, og þunga hluti hreyfast úr stað, án þess að nokkur komi við þá.

Stúlka hér í borginni, sagði mér frá því nýlega, að fyrirbæri af þessu tagi gerðust stundum í námunda við sig. Og eitt sinn þegar kvöldboð var hjá foreldrum hennar, fór skeið að hreyfast í skál, sem stóð á borði án þess að nokkur snerti þar á, og undruðust þetta sumir viðstaddir, en aðrir urðu eitthvað smeykir, og einn stóð fast á því daginn eftir að hann hefði verið dáleiddur í þessu kvöldboði! En þarna var um að ræða sama kraftinn og þann sem rótin á jurtinni hafði til að hreyfa pappírsagnirnar, nefnilega lifgeislunina, sem dr. Helgi Pjeturss

hefur uppgötvað. Enda sagði stúlkan við mig að sögulokum: „Síðan þetta fór að gerast hjá mér hef ég verið Nýalssinni“, og er það lika alveg rökrétt ákvörðun. Það verður að geta þess hér um leið, sem stúlkan bætti einnig við, að hún sagðist hafa stjórnanda sem leiðbeindi sér, og er þar um að ræða atriði sem bæði er mikilsvert í líffræði og í lífi og örlögum hvers einstaklings. Það er í augum uppi, að það að tala um kraft út frá manninum sjálfum er ekki fullnægjandi skýring heldur verður hann að hafa einhverja orkuuppsprettu til að taka af. En út frá draumgjafanum og draumsambandinu verður það undireins auðskilið að um sérstakan leiðbeinanda eða sambandsgjafa getur verið að ræða, og hlýtur að vera að ræða, þegar sambandið verður svo virkt, að kraftfyrirbæri geta gerst. Og vissulega eru þessir stjórnendur eða leiðbeinendur á öðrum hnöttum, því að annað getur ekki komið til greina.

Það kannast vist áreiðanlega margir við það, sem skagfirsk kona, Moníka á Merkigili, sagði frá í sjónvarpsviðtali við Indriða G. Þorsteinsson rithöfund á gamlársdag í fyrra, og endurtekið mun hafa verið síðar. Unglingsstúlka átti leið milli bæja og var yfir fjall að fara, þar sem snjór lá yfir. Kemur þá maður riðandi til hennar og fær henni böggul, með þeim ummælum, að þetta eigi hún að færa ungbarni, sem var á bænum sem hún stefndi á. Síðan hvarf maðurinn og hesturinn, en engin höfftir sáust í snjónum. En bögglinum kom stúlkan til skila, og var í honum silfurfesti, sem dregin var í lauf eða kross og mun þessi silfurfesti enn vera til, enda var hún sýnd þarna í sjónvarpinu. Eða halda menn ekki að hún sé til? Og ef hún er til, hvernig halda þeir þá að hún sé til komin? Það er mín ætlun að festin sé til, og að hún sé þannig til komin sem stúlkan sagði, sem böggulinn bar. En ég hef þó nokkru við það að bæta, sem eftir stúlkunni var haft. Þessi vöggugjöf til mannsins, sem átt hefur festina síðan, var hingað send af íbúum annars hnattar, sem vildu vekja athygli manna hér á hinum mikilsverðustu málum. Það er rétt að hafa það hugfast, að þessi atburður gerðist ekki fjarri þeim tíma, sem kennung Nýals var hér að koma fram, og má af ýmsu ráða, að þeir sem lengri vissu fram á öðrum hnöttum, sáu það fyrir að þessi skilningur mundi hér ná að koma fram. Var þeim því mikill hugur á því að stuðla að framgangi þess skilnings. Nægir í þessu sambandi að minna á hina ósjálfráðu skrift Guðmundar

Daviðssonar á Hraunum, Íslendingabyggð á öðrum hnetti, sem einnig kom fram í héraði Skagfirðinga, eins og silfurfestin. En undirbúningurinn að sambandi Guðmundar var hafinn jafnvel áður en dr. Helgi komst hér á skilningsleið í þessum efnum, eins og Guðmundur Davíðsson hefur sjálfur glögglega tekið fram. Það virðist því ekki nein fjarstæða að láta sér detta í hug, að silfurfestinni hafi verið ætlað eitthvað líkt hlutverk í þessum efnum og bók Guðmundar, það er að styðja hinn rétta málstað, en það er sama og að fá menn til að skilja sambandið.

Hvað silfrið i festinni snertir þá vil ég leyfa mér að setja fram dálitla tilgátu. Hvort sú tilgáta verður nokkurn tíma prófuð, fer eftir atvikum, en hún er á þessa leið. Silfrið i festinni er ekki jarðneskt, og þar af leiðandi getur það hvergi verið upprunið nema á öðrum hnetti. Nú er það vitað, allt frá því að Bunsen og Kirchoff fundu aðferð litrófsefnakönnunarinnar, að efnin i stjörnunum eru sama eðlis og frumefnin eru á jörðu hér. Þessi uppgötvun þeirra Bunsens og Kirchoffs var liður í þeirri þróun að eyða þeim rótgrónu ímyndunum að það sem er á himni sé annars eðlis en það sem er á jörðu. En þó að frumefnin séu í grundvallaratriðum nokkurnveginn hin sömu, um allan hinn óendenlega alheim, þá eru þó til nokkur afbrigði sem nefnast ísótópar. Það virðist ekki ólikleg tilgáta að silfrið i fjarlægri stjörnu geti haft eitthvað önnur ísótópahlutföll en jarðneskt silfur. En ef svo væri í dæmi silfurestarinnar aðfengnu, þá ætti að vera auðvelt að sannprófa það með efna-rannsókn.

Úr því að hlutir geta borist hingað frá öðrum hnöttum, fyrir það sem nefnt hefur verið efnun og afefnun, þá ættu einnig hlutir að geta horfið héðan, og eru þeir nú ekki fáir sem kunna frá einhverju að segja sem kemur þar til stuðnings. Það var einhvern tíma þegar var að ljúka fundi i stjörnusambandsstöð, ekki miðilsfund, heldur venjulegum samræðu og félagsmálaufundi, að þar hafði orðið tilrætt um stjarnlifsforingja á frumlífshnetti, þar sem líkt er ástatt og hér á jörð. Ég geri ráð fyrir að ég þurfi ekki að skýra það neitt frekar, því að það er í augum uppi að jarðstjörnur á liku framþróunarstigi og jörðin er muni vera mjög margar í hinum óendenlega alheimi, og gæti þetta skýrt margt i sambandi við spádóma ef út i það væri farið. En samræður okkar þetta kvöld höfðu beinst nokkuð að þessum stjarnlifsforingja á öðrum hnetti sem gert

hefur líkar uppgötvanir þar og Helgi Pjeturss gerði hér, og hefur þessi brautryðjandi, alloft gert vart við sig í samböndum okkar. Það sem óvanalegt var við þennan samræðufund okkar var það að talað var þar mjög bert og ákveðið um þennan mann, svo sem hann væri vissulega til og væri slíkur kunningi okkar sem samböndin gefa til kynna. En slikt má teljast nýtt frumkvæði að hendi jarðarmanna, að hugsa þannig til íbúa annars hnattar utan miðilsfundar. Fundinum lauk og menn fóru að halda á brott, uns ekki voru nema fimm eftir í salnum og sátu þrír út við vegg en einn var að skrifa nafnið sitt í gestabók, og hafði ég léð honum penna minn. Hann leggur frá sér bókina, en þá var penninn horfinn. Bókin stóð ein sér á auðu borði, og autt var gólfíð í kring og hvergi neinn staður til sem hluturinn gæti falist, enda var klæðnaður okkar allur af venjulegri og einfaldri gerð, svo auðvelt var að leita, sem við gerðum lika dyggilega. Hinir þrír sem sátu út við vegginn, sáu ekki heldur neitt af pennanum, enda hefur hann aldrei komið í leitirnar síðan. Það er míin ætlun að penninn hafi afefnast þarna á stundinni, og það er ágiskun míin að hann hafi komið fram á hnetti þeim sem stjarnlífshugsuðurinn ágæti á heima á, sá sem lengi hefur átt í völk að verjast fyrir rangri stefnu hugsunar og atburða á þeim hnetti. En þá gæti líka hinn aðkomni hlutur orðið honum til stuðnings í viðleitni hans til að sanna mál sitt.

Við lítum nú aftur til þess sem hér hefur verið rakið, og sjáum hvernig við höfum hækkað okkur stig af stigi, frá því að tala um einfaldar jurtarfæðilegar athuganir, og allt fram til þess að segja frá hlutaflutningum milli hnatta. Þetta síðast talda er enganveginn eins óliklegt og margir hafa haldið að það væri. Það er ekki vitund óliklegra en til dæmis þetta, að líkamningar hafa náð að koma fram. Frægur er líkamningurinn Katie King, sem eðlisfræðingurinn William Crookes rannsakaði, og eru til myndir af Keiti á ýmsum stigum líkamningaránnar. Crookes náði bæði miðlinum og líkamningunum á sömu myndina, og það er nú úr sögunni, að menn láti sér detta í hug falsanir þar sem Crookes var annars vegar.

Óðinn spyr í fornu kvæði: hverjar eru meyjar — er líða mar yfir — fróðgeðjaðar fara? Parna er hann að spyrja um meyjar sem líða í lofti og eru þær vitrar og vel hugsandi — fróðgeðj-aðar. En Vafþrúðnir svarar af bragði: Þrjár þjóðir — falla þorp

yfir — meyja Mögþrasis. Þjóðir þýðir þarna aðeins dálitinn hóp, sennilega niú, og eru það þá tuttugu og sjö meyjar, sem fara þessum fórum. Þær „falla þorp yfri“ það er koma svífandi úr hári hæð yfir þorp sem menn búa í. En svo bætir Vafþrúðnir við um hinrar sömu meyjar: „hamingjur einar þær er í heimi eru, þó þær með jötnum alast“. Það er aðeins hamur þeirra eða likamningur sem birtist „í heimi“ það er á þeim hnetti sem spurt er frá, en hin eiginlegu heimkynni þeirra eru þar sem jötnar búa, það er á öðrum hnetti. Meyjarnar fara úr einum heimi í annan, það er frá hnetti til hnattar eins og menn vita nú að rétt er að láta sér skiljast. En af þessu fóru sögur meðal forfeðra okkar á Norðurlöndum, þessu sem svo nákvæmlega ber saman við það sem William Crookes rannsakaði, — og hvernig hefði verið hægt að tala um þetta þá, ef það hefði ekki ico unverulega gerst? Likamningafyrirbæri hafa síður en svo verið neitt fágæti í sögu mannkynsins, þó að menn skildu aldrei eðli þeirra, og það er á þennan hátt sem íbúar annarra hnatta hafa haft áhrif á gang mannkynssögunnar — en ekki með geimförum cins og Dánakin heldur — og þeir munu enn geta komið miklu góðu til leiðar hér — ef menn vantar ekki viljann til að efla þann málstað, að slik sambond séu möguleg og raunveruleg.

Það er í framhaldi af erindum þeirra Ólafs og Ingvars, sem mig langar að hæta við nokkrum orðum um framtíð mannkynsins. Eins og menn munu nokkuð almennt vera farnir að gera sér ljóst, þá er ekki bjart fyrir stafni á siglingu þeirrar mannkynsskútu, sem nefnist Jörð. Hætturnar sem yfir vofa eru svo ógurlegar, að jafnvel hver einstök þeirra mætti virðast nægileg til þess að marka mannkyninu endalokin. Það er auðsætt að ekki verður til lengdar haldið áfram á sömu braut. Ragnarök eða heimsendir er framundan, hin ferlegustu endalok hins illa aðdraganda, sem nú fer geystara að en nokkru sinni — nema það verði, sem menn varði síst. Það sem hér að framan hefur verið rakið varðandi stjörnusambond og furðuleg fyrirbæri, er síst ótrúlegra en hitt sem við blasir á algerlega hversdagslegan hátt ef litijð er til framtíðarinnar. Það virðist því ekki seinna vænna að hefjast handa um þá sókn sem verður að koma í stað þess værukæra hugsunarleysis sem fylgir því að taka aidrei afstöðu til neins. Það þyrfti jafnvel að gerast nú þegar í kvöld, að menn hrístu af sér þetta mók og hæfust handa.

Ég ætla mér að reyna að segja í fáum orðum hvernig ég hugsa mér að þessi sókn geti orðið.

Ég þykist vita, að það sé fyrst og fremst æskufólkisem þennan sigur mun geta unnið. Ég talaði við ungan mannum um daginn og hann sagði það, sem mér líkaði svo vel að heyra, að þetta gæti naumast talist áhugamál hjá sér, sem varðar fylgi við Nýal, heldur er það hrein skýr vitund þess, að sigur þessa málefnis og hjálp frá öðrum stjörnum er það sem verður að koma. Það þýðir ekkert annað en dauðadóm og endalok, ef þetta nær ekki fram að ganga, taldi þessi ungi maður, og þess vegna er það hreinlega sjálfsbjargarhvötin, sem fylgir þessu máli eftir að alefli. Þessi maður er því reiðubúinn að vinna það, sem kallað er óeigingjarnt starf að framgangi þessa móls, og það er ekki vottur af uppgerð eða annarlegum tilhneitingum í þeirri óeigingirni. Það eru sennilega tugir eða hundruð ungra manna og kvenna hér í borginni sem fegin vildu taka þessa stefnu, og gera allt í senn, að leita sambandsins, að reyna að skilja sambandið og í framhaldi af því að vinna að almennum skilningi og viðurkenningu á sambandinu. Sennilega munu á næstu mánuðum fara að myndast skorir eða sagnir eða starfshópar slíks fólks, sem mun vinna að því með ráðum og dáð, og án aillrar togstreitu að skapa stillihópa, sem munu megna að hafa áhrif á afslvæði þjóðarinnar, afslvæði nágrannaþjóða og afslvæði alls mannkyns.

Stillihópar er lausnarorðið. Stillihópurinn þarf ekki endilega að vera á miðilsfundum, þó að hann geti gert það og æskilegast sé að hann geri eitthvað að því. Miðilsfundurinn beinir athygli sinni að því, sem kemur frá miðli, og að þeim áhrifum sem handan að berst. Miðilsfundurinn er þiggjandi þess sem að handan kemur. Stillihópurinn er hins vegar virkari af sjálfum sér. Hann beinir athygli sinni að því sem hér er, hér i borg, hér á landi, og hér á jörðu. Hann skapar sér takmark og keppir að því með eigin kröftum. Frá sjónarmiði Nýals er hin ágætasta undirstaða þess að menn finni sér takmark og verkefni til að vinna að. Það er margt verk að vinna, bæði í sambandi við Nýal beinlinis og síðan í framhaldi af því á ýmsum sviðum. Það þarf að bæta afslvæði jarðarinnar, og það getur ekki gerst, nema unnið sé markvisst að því. Og þá er komið að því, hvað það er sem unnið getur sigurinn á deyfð og áhugaleysi hjá hverjum einstökum. Hvað er það sem gerir lifið þess vert að

lifa því, þess vert að leitast við að leggja fram sinn skerf til bætts lífs? Ég er ekki i vafa um hvað það er sem dýpst stendur í hug okkar, hvað það er sem okkur er í raun og veru allra síst sama um. Það er þjóðernishugsjónin. Það er hún sem getur lífgað og vakið þegar ailt er að lognast út af, eins og dæmin hafa fyrir löngu sannað. Ný þjóðernishugsjón mun koma upp og verða frumleg, hófsöm og öflug. Menn munu skilja að útbryning eða niðurlæging þjóðernisins er ekki leiðin til framfara og ekki til mannúðar, heldur blátt áfram eitt af einkennum helstefnunnar. Þær raddir munu þagna, sem hvetja til þess að enska verði tekin upp í stað íslenskunnar. Og þegar unga fólkid hefur hafið þessa stefnu, þá munu einnig eldri kynslóðirnar, sem ekki báru gæfu til að fylgja þessu máli fram, eignast sitt hlutverk. Því að sitthvað kunna þessar eldri kynslóðir betur fyrir sér, í því sem varðar mál og menningu, en hinir sem yngri eru, og þær kynslóðir munu geta lagt sitt af mörkum til hinna sönnu framfara, þegar sú stefna hefur lokt verið tekin.

Þorsteinn Guðjónsson

(*Erindi flutt á fundi í Norræna húsinu*

22. nóvember 1974).

Greinar

í Kvíslarskarði

I.

Kom ég upp í Kvíslarskarð,
kátleg stúlkan fyrir mér varð;
fögur var hún og frið að sjá,
fallega leizt mér hana á.

Blátt var pils á baugalín,
blóðrauð líka svuntan fin,
lifrauð Treyja, lindi grænn,
líka skautafaldur vænn.

Ekkert hafði ég af henni tal,
undir sat hún sínum sal;
opið stóð þar bergið blátt,
beint var það í hálfu gátt.

Kópur aldrei kjafti hélt,
kátlegt hafði hann urr og gelt;
sauðir höfðu sig af stað;
seimaskorðin gáði að.

Laukaskorðin leit þá við,
lengur hafði hún ei bið,
inn í steininn arka vann;
aftur luktist sjálfur hann.

Íslensk þjóðvísá.

II.

Ekki veit ég um höfund þessa skemmtilega og þjóðlega kvæðis. En nokkuð mun það vera gamalt, því amma míni, Ingibjörg Jóhannsdóttir (fædd 1865) lærdi það í æsku sinni, en hún kenndi það aftur móður minni, þegar hún var ung.

Petta er mjög skemmtilegt kvæði í þjóðsagnastíl, þar sem höfundur þess segir frá fyrirburði einum af þeirri gerð er mjög

var algeng á síðari öldum. Huldukona er það, sem hér um ræðir. Sögumaður segir frá atburðinum eins og hann hefur komið honum fyrir sjónir.

Er hann kemur upp í svonefnt Kvíslarskarð birtist honum í sýn fögur kona, og sýnin er svo skýr, að hann getur lýst konunni, eins og þótt um jarðneska konu hefði verið að ræða, útliti hennar, búningi o. s. frv. Honum virðist bergið standa opið. Ekki mun svo hafa verið, heldur mun hann hafa skynjað hin fjarlægu heimkynni konunnar. Um fjarskynjun mun því hafa verið að ræða, og mun konan hafa verið íbúi einhverrar annarar jarðstjörnu. Á liðnum öldum munu Íslendingar hafa haft ailmikil fjarsambönd við þjóð á öðrum hnetti, er þeir nefndu huldufólk eða álfa. Um þetta vitna hinum fjölmörgu þjóðsögur okkar um huldufólk. Svo virðist einnig, sem þessir íbúar annarar stjörnu, hafi stundum komið hér fram sem likamlegar verur, hafi farið hingað hamförum og getað staðið hér við um stundarsakir. Samskipti þessa fólks við Íslendinga voru yfirleitt vinsamleg, ef rétt var brugðist við erindum þeirra hingað. Svo er að skilja af þjóðsögum okkar, að gagnkvæm hjálp hafi stundum orðið af þessum samskiptum eða sambandi þeirra á milli. Jafnvel var skipst á gjöfum, og telja sumir, að enn séu til hlutir í eigu Íslendinga, sem séu frá álfum komnir.

Frásögn kvæðisins hér á undan bendir til þess, að vel gæti hafa verið um likamning að ræða, því einnig hundurinn Kópur sá veru þessa og fór að úttra og gelta. Eigi held ég að umrædd kona hafi orðið fyrir miklu ónæði af gelti hundsins og að hún hafi þess vegna „aíkað“ inn í steininn, eins og segir í kvæðinu, heldur sé það maðurinn, sem orðið hafi fyrir ónæði af þessu háttalagi hundsins, og því hafi hann fallið úr því sambandsástandi, sem hann hafði komist í. Skilyrðin til fjarsýnar hafa því þorrið og sýnin horfið. Og eins er þótt hér kunni að hafa verið um likamning að ræða. Skilyrði til þess, að hann gæti haldist hér við lengr hlutu að eyðast við truflun þá, sem maðurinn varð fyrir.

Ekki vil ég nú halda því ákveðið fram að ofannefnt kvæði segi frá ákveðnum, sönum atburði, sem raunverulega hafi gerst, en ég sé samt ekki ástæðu til að ætla, að svo hafi ekki getað verið. Flest atriði frásagnarinnar eru þess eðlis, að vel gæti verið um sanna frásögn að ræða.

Ingvar Agnarsson

Hin guðlega viðleitni

Hinn æðsti guðlegi máttur (hyperzoon) hefur skapað og þróað alla tilveruna, bæði hið lifvana efni og hina lifandi einstaklinga, stóra og smáa, þroskaða og óþroskaða, á öllum hnöttum alheimsins. Hin alsamstillta, guðlega vera, hlýtur því að skynja alla þessa sköpun, alla þessa einstaklinga, á hinum mismunandi þroskaferli þeirra. Hún hlýtur því að beina öllum mætti sinum og allri ást sinni til alls sem lifir, til að laða alla þessa einstaklinga í átt til sín og til að þroska þá svo að góðvild og viti, að þeir geti stutt hana í hinni miklu heimssmið, tekið undir með henni, þróast í átt til hinnar æðstu veru, orðið að lokum sjálfir hin æðsta vera.

Pegar mistekst þróun lifsins á einhverjum hnetti, eins og hér á okkar jörð, mun það valda hinni æðstu veru hryggðar og þjáningu, því einskonar liftaugar munu tengja hvern einstakling hinni æðstu veru. Hin æðsta vera sendir orku sína og ást hverjum einstaklingi hverrar jarðar, og leitast við að lyfta honum úr vanseld i farsæld og á æ hærra þroska- og vitsmunastig.

Svo mikil og ómissandi öllu lifi er þessi aðsenda orka frá hinni æðstu veru, að hver einstaklingur mundi deyja samstundis, ef hennar hætti að njóta að.

Á okkar jörð er þessi aðsenda magnan samt svo lítil og ónóg að heita má, að við rétt lifum miðað við hið öfluga líf á hnöttum, þar sem lífstefnan hefur sigrað.

En hin æðsta vera leitast við að breyta hér um stefnu og þurfa jarðarbúar, sem flestir, að vera henni samtaka, ef slik breyting á að nást.

Og nú ætti sú breyting að verða möguleg, því hinn bjargandi sannleikur hefur komið hér fram, skilningurinn á alsambandi lifsins, og hinni guðlegu viðleitni, á að verða hér til bjargar.

Ingvar Agnarsson

Undarlegt ljós fyrirbæri

Sumarið 1966 var ég háseti á trollbát. Eitt sinn snemma um haustið þurfti ég að standa innstímið ásamt öðrum vélamanni. Vorum við á siglingu inn Faxaflóann. Sá ég þá allt í einu skært ljós berast með ógnarhraða ofan úr háloftunum og beint niður — stefndi á Keflavík. Vakti ég þegar athygli vélamannsins á þessu og sá hann fyrirbærið líka. Dimmt var, þegar þetta gerðist. Þegar ljósið var komið nokkuð nálægt Keflavík, breytti það snögglega um stefnu og þaut með ógnarhraða, en þó með skrykkjóttum hreyfingum, út Faxaflóann og hvarf sjónum okkar. Ekki vorum við vel í rónni, á meðan við sáum ljós þetta.

Hraði þessa ljós fyrirbærис, svo og hinar skrykkjóttu hreyfingar þess (einnig hin snögga stefnubreyting, nokkurn veginn um 90° , ekki í sveig, heldur myndaði brautin skarpt horn) útilokar með öllu að hér hafi verið um að ræða (þekkt) jarðneskt farartæki. Varla hefur þetta heldur verið fjarskynjun, þar eð fleiri en einn sáu fyrirbærið. Um morguninn, er við fórum að ræða þetta, kom reyndar í ljós, að þriðji maðurinn hafði séð ljósið, en hann hafði einmitt þurft að bregða sér upp á dekk í sömu mund og ljós fyrirbæri þetta þaut fram hjá okkur.

Helst dettur mér í hug, að hér hafi verið um að ræða farartæki, sem efnast hafi hér frá annarri plánetu.

Ólafur Halldórsson

Draumar

ÞRÍR DRAUMAR UM ELDGOS I.

Mig dreymdi að ég þóttist standa úti, og horfa yfir stóra borg í næsta nágrenni minu án þess þó að taka eftir neinum húsum sérstaklega. Í huga mér kom, að þetta væri Reykjavík og þóttist ég beina sjónum austur til Bláfjalla eða Hellisheiðar, en fjarlægðin til fjallanna þótti mér vera öllu meiri, en hér er um að ræða. Einnig voru fjöllin nokkru hærri og lögun þeirra nokkuð önnur en er á Bláfjöllum.

Bak við fjöllin, og að mér þótti í mikilli fjarlægð, stóð mikill reykur eða gufustrókur hátt til lofts. Sáust bólstrarnir greinilega og hnykluðust þeir og breyttust í sifellu. Mökkinn lagði til vinstri eins og undan sunnan vindi. Mér varð hugsað til gossins í Vestmannaeyjum, og minntist þess að ég hafði séð mökkinn stíga upp yfir fjöllin í austri, en þá mjög litlifjörlegan í samanburði við það, sem hér bar fyrir augu. Ég þóttist hugsa með sjálfum mér að nú hefði gosið í Vestmannaeyjum aukist mjög stórkostlega, og að mikil vá mundi vera fyrir dyrum.

Í þessum draumi eru rangþýðingar miklar, því að ég ræð það sem fyrir augu ber, fyrir landslag og atburði, sem mér eru kunnir úr vöku. Líking er þarna að visu nokkur, en allt miklu stórfenglegra.

Draumsamband mitt mun hafa verið við einhvern stað eða hnött, þar sem líkt hagar til og hér á jörð. Og það, sem fyrir augu ber í draumnum er eldgos mjög stórkostlegt.

Vökusýn draufgjafa míns kemur litt trufluð fram í hinum sofandi heila mínum, en hugsanir hans litt eða ekki. Minar eigin minningar koma aftur á móti fram og verka sem rangtúlkánir á því sem draumgjafinn sér. Slikar rangtúlkánir í draumi eru algengar, og gerir réttan skilning á sambandi við draumgjafa erfiðari en vera mundi, ef engar rangtúlkánir kæmu til.

(Dreymt 28. apríl 1973)

II.

Mig dreymdi, að ég stóð úti og horfði á eldgos í fjarska. Pótti mér þetta vera um bjartan dag. Miklir reykjarpólstrar stigu upp en mismiklir þó. Þyrluðust þeir hátt í loft upp. Sá ég hvernig annað slagið komu upp svartir mekkir, sem svo breiddu úr sér og mynduðu iðandi hnúta er þeir komu hátt til lofts.

Neðst í þessum reykjarmekki voru eldtungur sem stigu og hnigu. En annað slagið var eins og kæmu sprengingar geysimiklar, og þyrluðust þá eldtungurnar miklu hærra en ella, og dreyfðu sér jafnframt nokkuð, mynduðu þá eins og 90° horn.

Himininn á þessu svæði held ég að hafi verið þungbúinn eða skýjaður, en ekki náði athugun mín að ráði til stærra svæðis.

Fjöll í talsverðum fjarska (líklega í svo sem 30 km fjarlægð) báru milli mín og gossins og þótti mér þau skyggja á neðsta hluta þess. Fjöll þessi voru fremur slétt að ofan, með nokkrum bungum og lægðum, en engum strýtum eða fellum. Ég hafði á tilfinningunni eða þóttist vita með vissu, að eldfjallið sjálft væri í allmíklum fjarska, handan þessara fjalla sem blöstu við augum. Greinilegt var, að gosið sjálft var í allmíklum fjarska, því blámi loftsins gerði alla liti þess daufari, en ef það hefði verið tiltölulega nálægt.

Í draumi þessum var ekki um neinar rangtúlkana að ræða. Ég þýddi landslag eða annað ekki fyrir neitt, sem mér er kunnugt úi vöku.

En er ég rifja upp drauminn virðist mér, sem líking sé talsverð, og við að horfa frá Reykjavík austur til Bláfjalla, nema hvað Vífilsfell og aðrar meiriháttar ójöfnur vantaði í útsýn draumsins.

Einnig fannst mér, að ég stæði eins og í útjaðri stórrar borgar og að ég snéri að henni baki.

Ekki nam ég neina hugsun um ógn eða hörmungar, er kynnu að stafa af eldgosi þessu.

(Dreymt á Nýársnótt, 1. jan. 1974)

Athyglisvert við þessa two drauma er það, hversu likir eða hliðstæðir þeir eru, og mætti vel imynda sér, að báðir ættu rót sína að rekja til sama landslags og til sama eldgoss, sem þá hefði staðið yfir a.m.k. í 8 mánuði, því það er sá timi, sem leið milli þessara tveggja drauma minna. Og draumgjafinn, b.e.a.s. maðurinn í þessum fjarlæga stað, sem fylgst hefur með þessu stórkostlega eldgosi, og þekkt hefur landslag og allar aðstæður,

hann gæti vel hafa verið sá sami í báðum draumunum, en svo þyrfti þó ekki að vera. Gæti verið um sinn draumgjafann að ræða í hvort skiptið.

Ef hér væri um að ræða sýnir frá sama landsvæði og sama eldgosi þá kemur fram í draumunum sú tilfinning draumgjafans að i fyrra draumnum, er hann horfir til fjallanna og gossins, þá finnst honum hann horfa yfir borg, sem er nálægt honum, en sem hann veitir þó litla athygli, þar sem hugur hans beinist mest að hinu fjarlæga eldgosi. Í síðari draumnum, stendur hann aftur á móti hins vegar við borgina, og veit af henni á bak við sig.

III.

DRAUMUR UM ELDGOS

OG HRAUNRENNSLI

Oft er það í draumi, að ég þykist úti staddur og virða fyrir mér umhverfið. Svo var og í nótt, er ég þóttist staddur í dal nokkrum og horfa til fjalla. Tók ég eftir reykjarmekki miklum framarlega í dalnum, í fjalli einu, er stóð vinstra megin dalsins og í allmikilli fjarlægð. Þóttist ég skilja, að um eldgos væri þarna að ræða.

Beindist nú hugur minn og athygli að næsta umhverfi mínu. Voru þar bæir nokkrir, hver nálægt öðrum, og stóðu þeir náiægt brekkurótum, hægra megin í þessum langa dal, og alllangt þaðan sem eldgosið átti sér stað. Nokkuð voru bæir þessir með öðrum svip eða útliti, en tiðkast hér hjá okkur. Þóttist ég eiga einn þessara bæja, og vissi ég að þar inni væri nú stödd fjölskylda mín, kona og nokkur börn. Ég hugleiddi með sjálfum mér, hvort bæjum þessum gæti stafað nokkur hætta af eldgosinu, en taldi það svo fjarlægt, að svo mundi ekki vera.

Horfði ég nú enn fram dalinn til eldstöðvanna, og reyndi að gera mér grein fyrir, hvernig hagaði til um landslag.

Dalbotninn var flatur og breiður nokkuð, þar á móts við, sem ég átti heima, og sá ég vel yfir þetta flatlendi, sem mér þótti vera að mestu grasi vaxið og að þar væru engir bæir.

En framar í dalnum, í svo sem þriggja til fimm kílómetra fjarlægð, var stallur nokkur eða brekka sem náði þvert yfir dalinn, og byrgði útsýni yfir dalbotninn lengra fram. Sá ég þar aðeins fjallshliðina vinstra megin fram eftir dalnum, allt að eldstöðvunum.

Er ég hafði nú um stund horft fram dalinn, sá ég hvar hraunflóð mikið kom fram á brekkubrúnina í miðjum dal og steyptist niður í neðri hluta dalsins. Var flaumurinn svo mikill, og fór

svo hratt, að ég óttaðist, að innan skamms mundi hann skella upp að brekkurótunum, þar sem ég var staddur og e.t.v. eyða bænum. Ég sneri mér þá í átt til bæjanna og hrópaði hástöfum: „Flýið, flýið upp í brekkurnar.“ Og þessum köllum hélt ég áfram, uns ég vaknaði nokkru síðar.

Einhvers staðar hefur eldgos átt sér stað með miklu hraunrennsli. Draumgjafi minn, sa sem ég hef fengið samband við i draumnum, hefur verið úti staddur á sömu stundu og mig var að dreyma. Hann hefur verið áhorfandi að þessum náttúruhamförum, og gert sér ljósa haettuna sem af þeim stafaði. Hann reynir að aðvara fjölskyldu sina og aðra nágranna, og telur að þeir geti bjargað sér undan hraunflóðinu, ef strax væri brugðið við. Það sem þessi draumgjafi minn sér og hugsar berst samstundis til míns sofandi heila, og verkar þannig, að mér finnst ég vera þessi maður.

Fróðlegt er mjög að geta þannig skynjað atburði, sem í fjarlægð gerast. Ef betur hagaði til með lífsambönd á jörðu okkar, mundum við einnig fá vitneskju um það, hvar draum-atburðirnir gerast. Og jafnvel gætum við þá vænst þess, að geta stuðlað að hjálþ, þar sem þess væri þörf, með fjaráhrifum, eða stillt til sambands við lengra komna vini, og auðveldað þeim þannig að koma hjálppinni fram.

(Dreymt 5. ágúst 1974)

Ingvar Agnarsson

DRAUMUR UM SVIF

Mig dreymdi, að ég væri staddur í landi, sem mér fannst vera Ítalía. Draumgjafi minn var að æfa sig að svifa í lausu lofti, og voru fleiri þarna að æfa sig í svifi, og gekk það misjafnlega. Fannst mér i draumnum, sem kenningin um lífsambandið í alheimi hefði þarna nýverið rutt sér til rúms meðal fólks, en að miklar og hatrammar deilur væru um þessa nýju lifsskoðun.

Svifþol draumgjafa míns var ekki mikið, en þó gat hann svifið nokkrar vegalengdir, þegar honum tókst vel upp. Draumurinn var mjög skýr, og mundi ég vel hina undarlegu tilfinningu og einbeitingu draumgjafans í svifi, eftir að ég vaknaði.

Var þetta ákaflega sterk og sérkennileg tilfinning, sem varð til þess að magna draumgjafa minn upp.

Fyrst i draumnunum fannst mér draumgjafi minn vera staddur í miðborg, en síðan fór hann að fikra sig heim á leið og æfði hann sig í svifinu af og til. Þegar mér þótti hann eiga stuttan spöl eftir heim til sín, gerðist eitthvað, sem ég geri mér ekki fulla grein fyrir. Fannst mér sem eitthvað óhapp hefði hent, og var þetta þó eitthvað blandað þeirri tilfinningu, að ég (draumgjafinn) færi nú að hitta frænku mína, sem væri ný-áin.

Fannst mér ég fjarlægjast jörðina óðfluga og þótti mér ég fyrr en varði sjá yfir allt landið. Þá gerðist það allt í einu, að landið hvarf sjónum mínum og þess í stað sá ég aðeins málmgljáandi tíglaþynstur. Þótti mér þessu fylgja nístandi kuldri. Þetta ástand varði þó ekki lengi, og var ég allt í einu staddur — á svifi — fyrir utan glugga á stórra blokk og fannst mér, sem hin framliðna frænka byggi þarna inni. Draumgjafi minn hafði það sterkelega á tilfinningunni, að hann væri framliðinn og hefði flutst til annars hnattar. Komst draumgjafi minn síðan inn um gluggann og hitti þar frænkuna fyrir. Eftir þetta fór draumurinn að verða ruglingslegur.

Varla mun leika vafi á, að þarna hafi mig dreymt til frum-lifshnattar, þar sem verið er að heyja lokabaráttuna fyrir fram-gangi kennningarinnar um lífsambandið í alheimi. Tvennt þykir mér merkilegast við draum þennan. Annars vegar svifið, en mér þótti ég skynja mjög vel þá undarlegu og ógnsterku ein-beitingu, sem þurfti, til að svif gæti tekist. Hins vegar hið al-menna ástand: Hatrammar deilur um hina nýju lifsskoðun, og fannst mér jafnvel jaðra við styrjaldarástand út af henni. Ekki kannski furða, hví sigur slikrar lifsskoðunar ógnar sjálf-sagt hagsmunum ýmissa aðila. E.t.v. mætti af þessu marka það ástand, sem rikja mun á okkar hnetti um tíma, nái þessi nýja lifsskoðun hér fram að ganga.

Ólafur Halldórsson

Sambandsfundir

Miðilsfundur haldinn 18. mars 1974.

Þýskur liffræðingur, ónefndur: Sael og blessuð, góðir vinir og Íslendingar. Það eiga sér stað merkilegar tilraunir hér, sambandstilraunir. Áreiðanlega er hugsað visindalega, þegar leitað er sambands við aðrar stjörnur. Má fullyrða, að sé fram yfir það vanalega hér á jörð. Þegar leitað hefur verið sambands við framliðna, hefur ekki verið hugsað til stjarnanna, yfirleitt. Má því segja að undirstöðuskilning hafi skort, um það er snertir eðli framlifsins. En án undirstöðuskilnings er málið ekki komið í framfarahorf. Þótt komist hafi á nokkurt samband, þá hefur aldrei komist á sanna framfaraleið. Þekkingarskorturinn hefur þarna verið aðalorsök framfaraleysisins í þessu svo afarþýðingarmikla efni. Og þegar athugað er gaumgæfilega, hve fjarri menn hafa verið því, að setja framlifið í samband við stjörnurnar, þá er þó vist, að þekking á stjörnunum hefur fyrir nokkuð löngu verið komin til sögunnar á jörð ykkar. Meðalgreindir menn ættu að geta áttað sig á þessu sambandi iiflsins. Þegar stjörnufræðileg þekking er fyrir hendi, liggur þeint við, að framhald lifsins sé á öðrum stjörnum. Á frumlifshnetti ykkar skapast einstaklingurinn fyrir samband og samstillingu tveggja, karls og konu. Í framlifinu verður ekki um endurtekningu á sliku að ræða, þegar sá framliðni kemur fram á öðrum hnætti, heldur er um endurlíkönun að ræða og afslvæði verður að vera, þar sem samstilling er miklu öflugri, en er á ykkar hnætti. Þjóðverji talar. Liffræðingur. Og fjöldi annara minna samstarfsmanna, liffræðinga og fleiri, hugsa til Íslands, þess lands, sem fyrst hefur uppgötvað lifsambandið milli stjarnanna, á ykkar hnætti. Liffræðingar, fleiri visindamenn en tölu verði á komið, styðja tilraun íslenskra manna í vitemnum. Það er liffræðin í íslenskri uppgötvun sem stuðnings

þarf að njóta og vðurkennigar fleiri en örfárra einstaklinga, þótt ekki skuli vanmetinn sá stuðningur, eða gert lítið úr viðleitni ykkar, öðru næر. En þetta þarf mjög miklu meiri stuðnings við.

(Spurning: Gætir þú reynt að segja okkur eitthvað frá þínum hnerti?)

Margt væri það skemmtilegt, og mun ég reyna að fræða ykkur smám saman. Hér er um mjög stórkostlega framför að ræða á okkar stjörnu. Pekking hér er á mjög háu stigi og vaxandi vísindi á ótal mörgum sviðum og er það undirstaða þeirra framfara, sem hér eiga sér stað, öllu öðru fremur. Og þó eru ekki einungis vísindin í framför hér, það eru framfarir á mörgum sviðum lista.

(Spurning: Varstu ekki undrandi, er þú komst fyrst fram?)

Ekki neita ég því, að ég var ekki svo við þessu búinn. Fáfræði min var mikil um framlifið. Ég komst fljótlega á snoðir um hvað gerst hafði og þótti mér skemmtilegt, að framlifið var rökrétt framhald frumlifsins, jarðneskt og likamlegt líf. Fjöldi spurninga kom fram í huga minn og ég gat spurt þá er töku á móti mér um það er mestu máli skipti og fengið fullnægjandi svör.

(Spurning: Komstu fram úti eða inni?)

Undir beru lofti, þar sem gróður var hinn fegursti og bjart sólskin og mjög ánaegjulegt umhverfi.

(Spurning: Þurftir þú að fara á sjúkrahús, fyrst í stað?)

Ekki vissi ég hvaðan á mig stóð veðrið, fyrst í stað. Þar komu brátt nokkrir framlíðnir vinir til min og sögðu mér um þetta sem gerst hafði. Annars fékk ég fljótlega hraustan og sterkan likama og á sjúkrahúsi þurfti ég ekki að dveljast lengi.

Miðilsfundur haldinn 12. nóvember 1973.

Matthías Jockumsson: Komið sael. Matthías Jockumsson, kalladur skáld og prestur. Þið kannist við mig frá frumlifsdögum mínum, er liðnir eru nú. Nú er ekki prestsstarf lengur, þó ég yrki reyndar enn margt og hef ekki lagt niður þá iðju, heldur aukið. Alltaf hef ég mikinn hug á að ná sambandi við gamla hnöttinn og Ísland sérstaklega. Fyrirstaða er þó ekki lítil þar, sem verður að sigrast á, áður en um nógu fullkomin sambönd getur orðið að ræða og skilyrði sköpuð til fræðslu og magnanar, eins og svo mikil nauðsyn er á, að megi takast. Ekki hef

ég nú trú á, að það séu óyfirstiganlegir örðugleikar, sem um er að ræða. Það getur með réttari hugsun og nokkru sambandi skapast sá nauðsynlegi stuðningur, að þetta nái tökum nægilegum, sambandsorkan verði nægilega sterk meðal jarðarbúa. Æg hugsa mjög um umhverfið og allt það sem hér er. Hef ég mikla unun af, að skoða umhverfið, hina miklu fegurð þess. Æg er á sama hnerti enn, og ég kom fram á, eftir að ég fór frá hnerti ykkar og mun ég hér enn lengur verða. Undir umskiptin skynja menn mjög til hins annars hnattar, sem flytja skal til héðan, og ég veit nokkuð, að það er ekki að því komið enn hjá mér, að skipla um hnött.

(Spurning: Eru fleiri byggðir hnettir í þínu sólhverfi?)

Ekki er það, að líf sé nema hér, á þroskabraut. Nokkuð þótti mér sem fleirum margt undarlegt, það sem við tók, átti helst von á einhverjum sviðum, ójarðneskum. En raunin varð nú önnur, þar sem við tók ekki ólikt líf og ég áður þekkti, að öðru leyti en því, að meiri orka virtist vera meðal fólks og meiri fegurð, þó ekki að öllu fullkomnara líf, en samt á hærra stigi, en hið fyrra halði verið. Ekki þótti mér þetta neitt lakara, heldur varð ég mjög glaður og átt hef ég góða ævi og sifellt skemmtilegri, eftir því sem lengra hesfur liðið, á þessum fagra framlifshnetti, sem ég er á, alveg eins líkamlegur, og ég var á ykkar hnerti og fullkomnari líka, og var ég þó ekki í ósátt við tilveruna, öðru nær. Og það sýnist mér á öllum hér, að þeir séu, hver um sig, í fullri sátt við sína tilveru og að þeir hafi átt hér betri ævi, eins og ég, eftir því, sem ég hef getað fylgst með hér, og oft hef ég getað talað við þá um fortíðina og þetta nýja líf hér, og ber öllum saman um, að þeir uni sér hér betur og sjái ekki eftir hinni gömlu jörð. En þeir vilja hafa samband við hana og vilja veita fólkí okkar kraft. Enginn þarf að vera hér iðjulaus, ef hann kýs að starfa og störf eru hér ótalmörg eins og má búast við og allir fá að njóta hæfileika sinna og óska. Nú er það auðvitað alltaf nauðsynlegt að reyna að þroska hug og hæfileika alla andlega og likamlega. Við gerum okkur far um, að efla skilning okkar og bekkingu á sem flestum sviðum og við eignum hér ákaflega marga skóla og vísindastofnanir. Alla þá möguleika, sem hér eru til menntunar, yrði of langt upp að telja. Hvað snertir líkamsþroska, þá er líka séð fyrir þeirri hlið og líkamsrækt er hér iðkuð af öllum meira og minna og reynt að fegra og styrkja líkamann. Hann er nú

hvergi ómissandi og hann er skapaður til að fullkomnast og verða æ segurri og sterkari. Og þegar maður sér hvernig mönnum fer fram í öllu, andlega og likamlega, er stórmerekilegt að hugsa sér, að svo eigi eftir að fara um óendanlega framtíð. Æg get nú ekki farið út í það mikið. Framtíð með sífellt meiri framtíðarmöguleika. Hrörnun er afleiðing rangrar stefnu á jörðinni og eins dauðinn. En þetta er ekki óafturkallanlegt lögmul. Nauðsynlegt er samstarf og samstilling alls mannkyns, ef þetta á að breytast. Ef það tækist, mundi afl hvers eins margfaldast og hrörnun og dauði mundi þá úr sögunni.

Miðilsfundur haldinn 11. mars 1974.

Sigurður Briem, fiðluleikari og fiðlukennari: Sæl verið þið. Tala ég frá hnétti Helga til stöðvar ykkar. Þetta er stutt heimsókn, hér hjá Helga, ég á ekki heima á þessum hnetti. Mjög finnst mér skorta á skilyrði til þess að ég geti náð fullum tökum hjá ykkur, en þó er samt þetta að lagast tiltölulega, þótt haegt fari og ég vona, að ég þurfi ei í náinni framtíð, að tala um vanda þann, sem enn er erfitt að sigraст á, þegar tala skal og segja frá ýmsum hlutum. Ég er framliðinn maður frá ykkar landi, Íslandi, og átti heima í Reykjavík. Ekki er ég alveg nýlega farinn. Það eru fögur sumur í Reykjavík stundum. Kvöldbliðan og sólarlagið, það fannst mér ánægjulegast að skoða, og fleira. Pegar ég segi nú þetta þá eru samt langtum meiri dásemdir náttúrunnar hér og sólarlagið hér, þar sem ég á heima nú, framliðinn. Þá vil ég einnig segja, að ég er nú miklu betur lifandi, en ég var áður, á ykkar hnetti. Það er undursamlegur kraftur, magnandi kraftur, sem því veldur, sem gerir mannslikamann margfalt betur færar um að starfa og hugsa, og maður er betur vakandi en áður. Þetta er sambandsmagnan, sem um er að ræða.

Ber ég mjög í brjósti ást á tónlist og iðka ég tónlist í framlinu ekki síður en ég gerði í frumlinu. Ekki er litil stund lögð á tónlist í framlinu, þar sem ég á heima og mjög mikla ánægju höfum við af henni. Liður mér ekki betur, en þegar ég nýt fagurrar tónlistar.

Rit Félags Nýalssinna til sölu og dreifingar

Líf er á öðrum stjörnum

eftir Þorstein Guðjónsson. 68 bls. Undirstöðuatriði kenninga Nýals tengdar því, sem áunnist hefur í visindum á síðari árum. — Verð kr. 200,00.

Miðgarður

fyrsta hefti 1974. Heimsmyndin og fleiri greinar í anda Nýals. — Verð kr. 200,00.

Félagsblað Nýalssinna

nr. 40, 41, 43 og 44 1974. Tímarit um lífsambönd við aðrar stjórnur. Ætlað til gjafa og kynningar.

Enn eru fáanleg ýms eldri hefti af **Íslenzkri stefnu og Félagsblaði Nýalssinna.**

Félag Nýalssinna var stofnað árið 1950. Markmið þess er að afla uppgötvunum dr. Helga Pjeturss á lífsambandi milli stjarnanna almennrar viðurkenningar. — Innganga í félagið er heimil öllum sem vilja vinna að markmiði þess. Inntökubeiðni skal senda til stjórnar félagsins. Félag Nýalssinna er landsfélag, og geta allir í það gengið, hvar á landinu sem þeir eiga heima.

FÉLAG NÝALSSINNA

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765
Posthólf 1159, Reykjavík.

Efnisyfirlit

VETRARBRAUT Í COMA BERENICES (Sjá forsiðumynd)	Bls. 174
ERINDI:	
Framtíð mannkyns og hugsanlegar lausnir Ó.H.	175
Samband við ibúa annara stjarna I.A.	179
Furðueg fyrirbæri og einfaldar skýringar P.G.	185
GREINAR:	
Í Kvíslarskarði I.A.	194
Hin guðslega viðleitni I.A.	196
Undarlegt ljósþyrirbæri Ó.H.	197
DRAUMAR:	
Prír draumar um eldgos	198
Draumur um svif Ó.H.	201
SAMBANDSFUNDIR:	
Úr miðilsfundi 18. mars 1974 <i>(Þýskur líffræðingur, ónefndur)</i>	203
Úr miðilsfundi 12. nóvember 1973 <i>(Matthias Jochumsson)</i>	204
Úr miðilsfundi 11. mars 1974 <i>(Sigurður Briem)</i>	206
Rit Félags Nýalssinna	207

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, simi 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 9 e.h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.